

Viðbragðsáætlun þelamerkurskóla vegna óveðurs og ófærðar

Skólahverfi þelamerkurskóla er mjög víðfermt og aðstæður misjafnar. Foreldrar þurfa undir öllum kringumstæðum að meta það hvort barn eigi erindi í skólann jafnvel þótt enginn tilkynning hafi borist um niðurfellingu skólahalds. Foreldrar tilkynna skólanum og skólabílstjóra um forföll vegna veðurs og lítur skólinn á slík tilvik sem eðlileg forföll. Í allri tvísýnu skal öryggi barnsins njóta vafans.



Skólaakstur: Ef útlit er tvísýnt og veður vond taka skólayfirvöld í samráði við bílstjóra og íbúa á jaðarsvæðum ákvörðun um að skólahald falli niður vegna veðurs og eða ófærðar. Til viðbótar við skólabílstjóra er hringt í Jón Þór Brynjarsson Hjalteyri í síma 462-5704 og 893 6104 og Gunnar í Búðarnesi í síma 462 6892. Stefnt skal að því að ákvörðun um niðurfellingu skólaaksturs liggi fyrir kl. 7.00 á morgnana.

Ef skólahaldi er aflýst fer eftirfarandi ferli í gang.

Upplýsingagjöf:

1. Tilkynningu um niðurfellingu skólaaksturs er sett á heimasíðu skólans <http://thelamork.is>. Þetta gerir skólastjóri eða aðstoðarskólastjóri ekki seinna en kl. 7.00.
2. Sendur er tölvupóstur á Ríkisútvarpið (ruv.is) og Bylgjuna (bylgjan.is). Þetta gerir skólastjóri eða aðstoðarskólastjóri.

Ef senda þarf nemendur heim á skólatíma

Ef upp koma þær aðstæður að senda þarf nemendur heim á skólatíma fer eftirfarandi ferill í gang.

1. Frétt um að skólahaldi sé frestað er sett á vef skólans.
2. Skólastjórnendur skipuleggja úthringingu til foreldra. Miðað er við að það sé haft samband við foreldra/forráðamenn nemenda í 1. – 6. bekk. Eldri nemendur fá að hringja heim.
3. Hringingar heim eru til þess að tryggja að einhver fullorðinn taki á móti nemendum úr skólabílnum.